



Stefna og viðbrögð Ægis varðandi kynferðislegt áreiti og kynferðislegt ofbeldi

Hvað er kynferðislegt áreiti og ofbeldi?

- Kynferðisleg áreitni/ofbeldi er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður.
- Það er upplifun þess sem verður fyrir hegðuninni, en ekki tilgangur gerandans, sem segir til um hvort um sé að ræða áreitni eða ekki.
- Kynferðislegt ofbeldi eru kynferðislegar athafnir gagnvart einstaklingi sem ekki hefur gefið eða er ófær um að veita samþykki sitt. Kynferðislegt ofbeldi getur falið í sér;
 - Káf og þukl innan sem utan klæða á kynfærum eða öðrum persónulegum stöðum
 - Munnmök
 - Samfarir eða tilraun til þeirra
- Kynferðislegar myndatökur, áhorf á persónulega staði eða sýna/senda kynferðislegt efni Önnur óæskileg hegðun, stafrænt ofbeldi, eða þess háttar.
- Kynferðislegur lögaldur er 15 ára. Það þýðir að fyrir þann aldur eru allar kynferðislegar athafnir, með eða án vilja barnsins, ólöglegar.

Hvernig á íþróttafélagið að bregðast við upplýsingum um kynferðislegt áreiti eða ofbeldi?

- Íþróttafélagið skal taka öllum tilkynningum alvarlega.
- Ef þolandi er lögráða skal sterklega hvetja viðkomanda til að kæra málið til lögreglu. Hringja í 112. Ef brotið hefur verið gegn ólögráða einstaklingi ber að tilkynna til Barnaverndar í síma 112.
- Ef grunur vaknar um að forráðamaður/-menn eiga sjálfir aðild að kynferðislegu ofbeldi gegn barni skal hafa samband beint við lögreglu eða barnaverndaryfirvöld í síma 112.
- Ef menn eru í vafa um hvernig eigi að bregðast við skal hafa samband við lögreglu, kynna málið og leita ráða í síma 112.

Polendur eiga kost á að leita sér stuðnings og aðstoðar hjá Neyðarmóttaku fyrir þolendur kynferðisofbeldis, Landsspítali Fossvogi.



Barnavernd Ölfus: <https://www.olfus.is/is/thjonustan/velferdarthjonusta/barnavernd-olfuss/tilkynning-til-barnaverndar>

Gerendur ofbeldis geta leitað til <https://heimilisfridur.is> eða í síma 555-3020.

Samkiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs

Samkiptaráðgjafi er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplífað einhverskonar ofbeldi eða einelti í slíku starfi.

Allir eiga rétt á að stunda sínar íþróttir í öruggu umhverfi. Þess vegna leggjum við áherslu á að allir geti leitað sér aðstoðar eða réttar síns vegna atvika og misgjörða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingar.

<https://www.samskiptaradgjafi.is/>

Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi, einelti í sínu íþróttar- eða æskulýðsstarfi eða eru jafnvel ekki vissir, geta leitað til og fengið ráðgjöf með því að senda póst á samskiptaradgjafi@samskiptaradgjafi.is eða hringt í síma 839-9100.

Athugið að engin greiðsla er tekin þjónustu samskiptaráðgjafa.

Hér má nálgast viðbragðsáætlun íþróttar- og æskulýðsstarfs við ofbeldi, einelti, slysum og öðru sem gæti komið upp á.

Viðbragðsáætlunin er unnin í samráði við Bandalag íslenskra skáta, Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþróttar- og ólympíusamband Íslands, KFUM og KFUK, Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs, Slysavarnafélagið landsbjörg, Ungmennafélag Íslands og Æskulýðsvettvanginn.

Tilgangur samræmdrar áætlunar er að sporna við atvikum sem geta mögulega komið upp og leiðbeint starfsfólki, sjálfboðaliðum og fleirum til að bregðast eins og rétt við ef til þess kemur. Enda er best fyrir alla aðila máls, ef viðbrögð eru samræmd.

<https://www.samskiptaradgjafi.is/verkfaerakista>

Samþykkt í stjórn 4.febrúar 2026